

## Fundargerð

6. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2020-2022, þriðjudaginn 12. janúar 2021 á Zoom.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, ~~Fjóla Signý Hannesdóttir~~, Gunnar Svavarson, Eiríkur Mörk Valsson, ~~Björg Ágústsdóttir~~, Björgvin Víkingsson, Kristín Birna Ólafsdóttir-Johnson, Íris Berg Bryde verkefnastjóri og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá 5. fundi stjórnar 2020-2022 hafði verið afgreidd án athugasemda.

### 2. Keppni og COVID

Farið yfir nýjar reglur. Rætt um æfingar, mótahald, takmarkanir almennt og veturinn og vorið framundan s.s. meistaramótin. Farið yfir RIG og það kemur í ljós á næstu dögum hvað verður gert m.t.t. takmarkana. Stefnt að því að halda mótið en um leið eru ýmsir þættir sem þarf að skoða mun betur s.s. sjónvarpsútsendingin.

### 3. Afreksmál

Afreksstjóri gerir grein fyrir breytingum á stefnu og reglugerð en starfshópur um endurskoðun á reglugerð um afrekssjóð FRÍ hefur lokið störfum og er stjórnin með efnið til rýni og yfirferðar. Vísað til samþykktar eða synjunar á næsta fundi en luitið er á breytingarnar sem óverulegar sbr. starfsreglur stjórnar.

### 4. Stefnumótun FRÍ

Formaður, Björgvin Víkingsson og gjaldkeri, starfshópur um stefnumótun, leggja upp vinnuáætlun vegna stefnumótunarvinnunar og hvernig næstu skref verða tekin. Sagt frá frábærri og faglegru vinnu langhlaupanefndar. Stjórn og starfsmenn einhuga með að vinda sér með opnum hætti í verkefnið. Boðað verður til vinnufundar fljótlega.

### 5. Fjármál – Úthlutun ÍSÍ á árinu 2021

Gjaldkeri gerir grein fyrir samskiptum við ÍSÍ um fjárstreymi á milli aðila. Um leið að stefnt sé að því að reksturinn á árinu verði á pari. Framkvæmdastjóri tók undir þær áskoranir sem hreyfingin stendur fyrir á rekstrarárinu. Rætt um fjármálin á breiðum grunni.

### 6. Önnur mál

a. Þjóðarleikvangur. Starfshópur mennta- og menningarmálaráðherra verður kallaður saman í lok mánaðar. Fundur verður haldinn með borgarstjóra vegna vallarmála í Laugardal miðvikudaginn 13. janúar.

b. Nefndir og mönnun nefnda. Gert grein fyrir að mönnun sé lokið en erfitt sé að koma nefndum til starfa sökum takmarkanna.

c. Starfsmannamál. Rætt um hvað sé framundan 2021 í starfsmannahaldi en mikilvægt er að miðlunarmálin verði með jafngóðum hætti og verið hefur.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:31 með því að fundarmenn ákváðu að það færi að styttast í að fundir yrðu í raunheimum þ.a. hægt væri að syngja saman órafrænt.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*